

VIII. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.

Tillaga Marzellíusar Sveinbjörnssonar, ódagsett, um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum.

Bæjarstjórn samþykkir að fella gatnagerðargjöld af byggingum íbúðarhúsnæðis af hálfu einstaklinga niður á lóðum við þegar tilbúnar götur í sveitarfélaginu. Verði það gert á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið tekur gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn og varir til 31. desember 2017. Ákvæðið er ekki afturvirkkt og miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka.

■ 6. gr. Sérstök lækkunarheimild.

☐ Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.